

213. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. mars 2023, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason og Magnús A. Sigurðsson

Forföll: Arnar Kristjánsson var utan símasambands og náði ekki að láta vita af forföllum.

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.30

1. Fundargerð 212. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 212. fundar nefndarinnar frá 14. febrúar 2023.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Nýr varamaður Minjastofnunar

Minjastofnun Íslands hefur tilnefnt nýjan varamann fyrir stofnunina þar sem Ásta Hermannsdóttir hefur látið af störfum hjá stofnuninni.

Afgreiðsla:

Nýr varamaður er Þór Ingólfsson Hjaltalín.

Breiðafjarðarnefnd mun uppfæra heimasíðuna hvað varðar varamenn Breiðafjarðarnefndar.

3. Verndaráætlun fyrir friðlandið í Flatey - samráð við AECO, Samtök leiðangursskipafélaga á norðurslóðum

Umhverfistofnun hefur áframsent Breiðafjarðarnefnd erindi frá AECO sem tengist vinnu við verndaráætlun fyrir friðlandið í Flatey. AECO sækist eftir frekari upplýsingum um hvernig skuli hegða sér í Flatey.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi erindið og mun leita samráðs við sveitarfélagið Reykhólahrepp og Framfarafélag Flateyjar til að ræða málið áður en erindinu verður svarað.

4. Greinargerð um vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2022

Breiðafjarðarnefnd hefur undirbúið greinargerð um vettvangsferð sem farin var sumarið 2022.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi síðustu drög greinargerðar og skoðaði breytingar sem hafa verið gerðar frá síðasta fundi. Nefndin samþykkti allar breytingar. Drögin verða send nefndarfólki eftir fundi til staðfestingar. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja greinargerðina á heimasíðu nefndarinnar þegar staðfesting frá nefndarfólki liggur fyrir.

5. Rannsókn um ágengar og framandi tegundir í höfnum við Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd hefur áhuga á að láta vinna rannsókn á útbreiðslu framandi og ágengra tegunda í höfnum á verndarsvæðinu. Rætt hefur verið við sérfræðing um málið.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi áform um rannsókn og næstu skref í undirbúningsvinnu.

6. Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd undirbýr gerð framkvæmdaáætlunar til næstu ára.

Afgreiðsla:

Nefndin skoðaði og ræddi framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2020-2021. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2020/03/framkvæmdaáætlun_2020_2021_samþykkt.pdf.

Nefndin skoðaði auk þess stöðu verkefna sem sett voru í forgang í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.

Breiðafjarðarnefnd ákvað að skoða skjöl milli funda og ræða framkvæmdaáætlun betur á næsta staðarfundi.

7. Fjármál

Lögð voru fram til umræðu uppfærð gögn um fjárheimild ársins og núverandi stöðu fjármála nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi áform um útgjaldaliði og mögulegar breytingar á þeim. Málið tengist áformum um verkefni og verður aftur tekið fyrir á næsta fundi.

8. Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd skilaði umsögn varðandi auglýsingu aðalskipulags Reykhólahrepps 2022-2034. Umsögnin er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2022/11/Breidafjardarnefnd-26.-agust-Umsogn-vardandi-auglyssingu-adalskipulags-Reykholahrepps.pdf>. Til kynningar voru lögð fram svör við athugasemdum sem bárust við skipulagið.

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur þann 24. apríl, kl. 10.30 í Stykkishólmi. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.